

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 750/2005 frá 18. maí 2005 um landa- og svæðaflokkunarkerfi í hagskýrslum um utanríkisverslun Bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 772/2005 frá 20. maí 2005 um lýsingu á umfangi einkenna og skilgreiningu tæknilega sniðsins fyrir árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnað fyrir viðmiðunarárin 2003–2009 ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 782/2005 frá 24. maí 2005 um snið fyrir afhendingu niðurstaðna í hagskýrslum um úrgang ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 783/2005 frá 24. maí 2005 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 um hagskýrslur um úrgang ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2081/2003):

„9c. **32005 R 0750**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 750/2005 frá 18. maí 2005 um landa- og svæðaflokkunarkerfi í hagskýrslum um utanríkisverslun Bandalagsins og viðskipti milli aðildarríkja þess (Stjtið. ESB 126, 19.5.2005, bls. 12).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 53 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 126, 19.5.2005, bls. 12.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 128, 21.5.2005, bls. 51.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 26.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 131, 25.5.2005, bls. 38.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 4c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004):
 - „4ca. **32005 R 0772**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 772/2005 frá 20. maí 2005 um lýsingu á umfangi einkenna og skilgreiningu tæknilega sniðsins fyrir árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnað fyrir viðmiðunarárin 2003–2009 (Stjtíð. ESB 128, 21.5.2005, bls. 51).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 27. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002):
 - „27a. **32005 R 0782**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 782/2005 frá 24. maí 2005 um snið fyrir afhendingu niðurstaðna í hagskýrslum um úrgang (Stjtíð. ESB 131, 25.5.2005, bls. 26).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 27. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002):
 - „- **32005 R 0783**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 783/2005 frá 24. maí 2005 (Stjtíð. ESB 131, 25.5.2005, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 750/2005, 772/2005, 782/2005 og 783/2005, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.